

Reglugerð 1/2020 um starf ungmenna yngri en 18 ára

1. gr. Markmið

- 1.1. Tilgangur þessarar reglugerðar er að lýsa unglिंगastarfi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, skyldum félagseininga sem starfrækja unglिंगeild og þau skilyrði sem félagsmaður þarf að uppfylla til þess að gerast umsjónamaður.

2. gr. Gildissvið

- 2.1. Reglur þessar gilda um starf allra félagseininga félagsins með ungmennum undir 18 ára aldri svo sem unglिंगadeildir, nýliðapjálfun og starf á vegum slysavarnadeilda.

3. gr. Orðskýringar

- 3.1. *Félagið*: Slysavarnafélagið Landsbjörg
- 3.2. *Félagseining*: Björgunarsveit eða slysavarnadeild sem þegar hefur hlotið aðild að félaginu og hefur eigin kennitölu.
- 3.3. *Landshlutamót*: Vettvangur þar sem unglिंगadeildir innan hvers fjórðungs hittast og eru haldin það ár sem landsmót er ekki.
- 3.4. *Landsmót*: Vettvangur þar sem öllum unglिंगadeildum á landinu gefst kostur á að hittast. Landsmót eru haldin annaðhvert ár.
- 3.5. *Umsjónamaður*: Sá aðili sem er falin ábyrgð á starfi unglिंगadeildar sem starfar innan vébanda félagseininga félagsins. Umsjónarmaður hefur þá ábyrgð að aðstoða unglिंगana eftir bestu getu.
- 3.6. *Unglिंगadeild*: Hópastarf fyrir unglिंगa á aldrinum 13-18 ára sem starfa skipulega undir merkjum félagseininga.
- 3.7. *Umsjónamannafundur*: Árlegur fundur umsjónamanna haldinn á haustin.
- 3.8. *Æskulýðsvettvangurinn*: Samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

4. gr. Umsjónamaður

- 4.1. Umsjónarmaður skal skipaður af stjórn viðkomandi félagseiningar og starfar alfarið á ábyrgð stjórnar hennar.
- 4.2. Skilyrði til þess að gerast umsjónamaður:
 - 4.2.1. Að minnsta kosti einn umsjónarmaður unglिंगadeildarinnar skal hafa náð 20 ára aldri.
 - 4.2.2. Aðrir umsjónamenn skulu vera orðnir 18 ára.
 - 4.2.3. Að hafa ekki verið sakfelldur fyrir brot gegn ákvæðum XXII. kafla eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 né heldur að hafa verið sakfelldur, á síðastliðnum fimm árum, gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.

- 4.2.4. Vakni grunur um að umsjónarmaður kunni að vera undir áhrifum fíkní- eða vímuefna í starfi þá er hægt að gera honum að skila inn þvagsýni til prófunar.
 - 4.2.5. Sæti umsjónarmaður rannsókn vegna gruns um að hafa brotið gegn 4.2.3 lið þessa ákvæðis ber honum að víkja á meðan rannsókn stendur yfir eða ef ákæra hefur verið gefin út á hendur honum.
 - 4.2.6. Að veita félaginu formlegt umboð til að afla sakavottorðs árlega úr sakaskrá ríkisins. Umboð skal vottað af tveimur aðilum í stjórn viðkomandi félagseiningar.
 - 4.2.7. Umsjónarmanni er hvenær sem er heimilt að afturkalla heimild sína. Skal hann gera það skriflega.
- 4.3. *Trúnaður*
Umsjónarmaður er bundinn trúnaði gagnvart unglíngunum bæði innan og utan starfs um allt það sem eðlilegt er og rétt að leynt fari, nema lög eða dómsúrskurður kveði á um annað. Helst sá trúnaður þó umsjónarmaðurinn láti af störfum. Trúnaður getur aldrei náð yfir saknæmt athæfi eða grun um slíkt.
- 4.4. *Fyrirmynd*
Umsjónarmaður skal í hvívetna gæta þess í orðum og gjörðum að hann er fyrirmynd unglínganna og leiðtogi, jafnt í starfi sem og utan þess.
- 4.5. *Umsjónarmannanámskeið*
Mælst er til þess að umsjónarmenn taki sérstakt umsjónarmannanámskeið hjá Björgunar-skólanum.
- 4.6. *Brottvísun*
Í ljósi 10 gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 er stjórn félagseiningar skylt að vísa umsjónamanni frá störfum ef:
- 4.6.1. Umsjónamaður afturkallar umboð til öflunar sakavottorðs.
 - 4.6.2. Komi í ljós að umsjónamaður hafi brotið gegn reglum þessum.
 - 4.6.3. Umsjónamaður uppfyllir ekki lengur skilyrði ákvæði greinar 4.2.
- Ef stjórn félagseiningarinnar aðhefst ekkert hefur stjórn félagsins heimild til að grípa inn í.

5. gr. Unglíngadeild

- 5.1. *Aldurstakmark í starfi*
Hverri félagseiningu er í sjálfsvald sett hvernig hún hagar aldurstakmarkingu í sínu starfi innan 13-18 ára. Kjósi félagseining að bjóða upp á starf fyrir börn undir 13 ára aldri er það háð samþykki stjórnar félagsins.
- 5.2. *Félagatal*
Umsjónarmenn skulu skila inn félagatali unglíngadeildarinnar fyrir lok október ár hvert, ásamt því að senda inn upplýsingar um nýja félaga jafnóðum og þeir hefja störf.
- 5.3. *Starfsemi unglíngadeildar*
- 5.3.1. Starfsemi unglíngadeildar er alfarið á ábyrgð stjórnar viðkomandi félagseiningar og umsjónarmanna.
 - 5.3.2. Starf í unglíngadeildum skal vera markvisst, agað og miðað að starfsemi félagsins.
 - 5.3.3. Umsjónamaður hefur upplýsingaskyldu gagnvart unglíngum í unglíngadeild. Ber hann ábyrgð á því að koma á framfæri upplýsingum frá félaginu varðandi unglíngastarfið og ýmsa viðburði.

- 5.3.4. Starf í unglिंगadeildum er forvarnastarf og er öll meðferð áfengis, tóbaks, rafretta eða annara vímuęjafa stranglega bönnuð í starfi unglिंगadeilda. Þetta á jafnt við um unglinga sem og umsjónarmenn þeirra.
- 5.4. *Skilyrði fyrir þátttöku í unglिंगadeild*
Unglingarnir þurfa að fara eftir og virða siðareglur félagsins sem skulu kynntar fyrir nýjum félögum.
- 5.5. *Trúnaður í starfi*
Unglingarnir eru bundnir trúnaði í starfi deildarinnar. Trúnaður getur aldrei náð yfir saknæmt athæfi eða grun um slíkt.
- 5.6. *Einkennisfatnaður*
Einkennisfatnaði unglिंगadeilda er lýst í „Reglum um merkingar á einkennisfatnaði og öðrum merktum fatnaði“ sem er að finna undir „Reglur“ á upplýsingavef félagsins.

6. gr. Mót

- 6.1. *Landsmót*
Landsmót er haldið annað hvert ár hjá unglिंगum og flyst að jafnaði á milli landsfjórðunga. Um skipulag landsmóts má finna á upplýsingavef félagsins undir „Reglur“.
- 6.2. *Kostnaður við Landsmót*
Félagið styrkir mótshaldara við hluta mótskostnaðar.
- 6.3. *Landshlutamót*
Landshlutamót má halda á árinu milli landsmóta. Félagið greiðir ekki kostnað við mótshald.

7. gr. Umsjónamannafundur

- 7.1. *Tímasetning fundar*
Fundinn skal halda síðustu helgina í september ár hvert.
- 7.2. *Skipulag*
Skipulag fundarins er í höndum nefndar um unglिंगamál og ákveður nefndin staðsetninguna hverju sinni. Leitast skal við að jafna hlut allra með því að dreifa fundarhaldinu um landið ef kostur er.
- 7.3. *Fulltrúi umsjónarmanna í nefnd um unglिंगamál*
Fundurinn skal gera tillögu til stjórnar félagsins um tvo fulltrúa umsjónarmanna í stjórnskipaða nefnd um unglिंगamál. Tilnefningin er til tveggja ára og skal kjósa á fundinum í kjölfar landsþings félagsins.
- 7.4. *Atkvæðisréttur*
Sé kosið um afgreiðslu mála á fundinum (sbr. ákvæði 7.3) þá hefur hver unglिंगadeild tvö atkvæði. Ekki er hægt að veita umboð til að fara með atkvæði, þannig að ef einungis einn fulltrúi kemur fyrir hönd unglिंगadeildar þá getur hann aðeins farið með eitt atkvæði.

8. gr. Æskulýðsvettvangurinn

- 8.1. Félagið er stofnaðili að Æskulýðsvettvanginum sem vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna. Tilgangur og markmið Æskulýðsvettvangsins er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar sem og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir.
- 8.2. Félagið vinnur að hagsmunum ungmenna 13-18 ára og nær starfsemi Æskulýðsvettvangsins yfir þann aldurshóp innan félagsins.

9. gr. Gildistaka

- 9.1. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á 373. stjórnarfundum félagsins hinn 16.06.2020